



Lyfjastofnun

Icelandic Medicines Agency

Vikuleg samantekt á lyfjaskorti

» Upplýsingarnar gilda um lyfjaskort sem hefur verið tilkynntur Lyfjastofnun


Vika 48, 2025



Lyf í skorti í dag - áhrif á lyfjanotendur

307 lyfjapakkingar eru í lyfjaskorti:

- Í **94 %** tilvika munu lyfjanotendur fá sambærilega lyfjameðferð. Áhrif skorts eru því óveruleg á lyfjameðferðina.
- **5** mismunandi lyfjapakkingar eru í skorti þar sem læknir þarf að breyta lyfjameðferð í aðra álíka lyfjameðferð.
- **2** lyfjapakkingar eru í skorti þar sem ekkert sambærilegt lyf eða álíka lyfjameðferð er fáanleg.
- **11** lyf eru merkt sem sérpöntun/útboðslyf, um er að ræða lyf sem er að jafnaði ekki til á lager, en heildsala mun panta það ef þörf er á. Til dæmis útboðslyf sem er ekki fyrsta val.



- » Upplýsingar og ráðleggingar eru birtar fyrir hvert lyf í skorti í sérlyfjaskrá og í vefþjónustu fyrir ávísanakerfi lækna.
- » Lyfjastofnun birtir lista yfir allan tilkynntan lyfjaskort á vefsíðu stofnunarinnar.

Nánar um skort sem leiðir til þess að læknir þarf að breyta lyfjameðferð í aðra álíka meðferð - hvað kemur í staðinn?


Heiti lyfs	ATC-flokkur	Upphafsdags. skorts	Fjöldi daga í fyrirvara	Áætluð lokadags. skorts	Ábendingar	Ráðleggingar / annað
Aklief 50 mikróg/g krem	D10AD06	26.11.2025	0	05.12.2025	Meðferð við þrymlabólum hjá 12 ára og eldri	Lyf í flokki D10AD eru ófáanleg – mögulega er hægt að skipta yfir í aðra Atc flokka tímabundið
Differin 1 mg/g hlaup	D10AD03	03.11.2025	-14	28.11.2025	Ætlað til meðferðar á þrymlabólum – einkum gelgjunöbbum	Skorti á að ljúka í dag.En ástæða skorts er skortur á virka efniinu.
Epiduo 0.1 % / 2.5 % Hlaup 60 g	D10AD53	31.10.2025	18	30.01.2026	Meðferð á húð við þrymlabólum (Acne vulgaris) þegar fílapenslar, nabbar og graftarbólur eru til staðar	Verið er að skipta út pakkningastærð og verður fáanlegt sem 20 g pakkning.
Neiratax 100 mg/100mg/1mg/20/mg/2 ml	A11DB	03.11.2025	-4	óvíst	Meðferð við blóð- og taugafræðilegum einkennum af völdum viðvarandi skorts á B1-, B6- og B12-vítamínum hjá fullorðnum og börnum eldri en 12 ára.	- Lyfið er fáanlegt hjá Parlogis með knappri fyrningu 31.01.2026 - Mjög lítil notkun á lyfinu
Xeomin 100 ein, stungulyfsstofn, lausn	M03AX01	12.11.2025	2	16.12.2025	XEOMIN er ætlað til einkennamiðaðrar meðferðar hjá fullorðnum við hvarmakrampa og vangakrampa (hemifacial spasm) vöðvaspennutruflun í hálsi með snúningi (krampahálssveig) síbeygjukrampa í handlegg langvinnu auknu munnvatnsrennsli vegna taugakvilla.	- Óvænt aukin eftirspurn - Sambærileg stungulyf eru á markaði t.d. Botox

Ekkert sambærilegt lyf fáanlegt hverjar eru aðgerðirnar?

Heiti lyfs	ATC-flokkur	Upphafsdags. skorts	Áætluð lokadags. skorts	Fjöldi daga í fyrirvara	Ábendingar	Ráðleggingar / annað
Alutard SQ (Dog hair), Stungulyf, dreifa	VB01AA11	18.11.2025	02.12.2025	14	Nefslímubólga, tárubólga og ofnæmisastmi. Til meðferðar á sértæku IgE miðluðu ofnæmi fyrir hunda og kattahárum (afnæmingarmeðferð	Mjög lítil og óstöðug sala
Engemycin,vet, 100mg/ml stungulyg handa nautgripum, svínum og sauðfé.	QJ01AA06	26.11.2025	31.12.2025	15	Sýkingar af völdum oxýtetracyklínnæmra baktería	Ekkert sambærilegt lyf er á markaði

Fjöldi lyfjaskortstílfella þar sem hugsanlega þarf að breyta lyfjameðferð - 2025

● Ekkert sambærilegt lyf er á markaði / fánlegt ● Ekki til lyf með sama ATC númer en sambærilegt lyf í sama flokki er á markaði / fánlegt



Janúar- október 2025, meðalfjöldi tilkynninga á mánuði:

- 4,5 = Ekkert sambærilegt eða álíka lyf fánlegt
- 4 = Álíka lyfjameðferð fánleg

Samanburður við fyrra ár


2024, meðalfjöldi tilkynninga á mánuði:

- 5 = Ekkert sambærilegt eða álíka lyf fánlegt
- 8 = Álíka lyfjameðferð fánleg

Grafið sýnir þann mánuð sem tilkynning barst Lyfjastofnun, óháð því hvenær skortur hefst.


Þörf á aðgerðum af hálfu lækna vegna lyfjaskorts

Staðan í dag



Þróun 2025

Áhættustig: Hátt (Hátt), Lágt (Lágt), Miðlungs (Miðlungs)



Janúar- október 2025:

- 34% alvarleikastig hátt
- Í 67% tilvika gat læknir ávísað lyfi í skorti

Allt árið 2024:

- 35% alvarleikastig hátt
- Í 58% tilvika gat læknir ávísað lyfi í skorti

Litakóðun birtist í ávísanakerfi (Sögu) ásamt ráðleggingum:


Lágt Læknir getur ávísað markaðssetta lyfinu þrátt fyrir skort því hægt er að breyta lyfjaávísun í apóteki og lyfjameðferð helst óbreytt. Dæmi: Önnur lyf eru í skiptiskrá, til er önnur pakkningastærð, annar styrkleiki eða útskipti í undanþágulyf eftir heimild Lyfjastofnunar

Miðlungs Mat læknis hvort hægt sé að ávísa markaðssetta lyfinu í skorti eða hvort ávísa þurfi öðru lyfi (val á milli lágt eða hátt).

Hátt Krefst ávallt aðgerða af hálfu læknis, ekki hægt að leysa málið í apóteki. Læknir þarf til dæmis að ávísa öðru markaðssettu lyfi, öðru lyfjaformi eða undanþágulyfi.

Fyrirvari lyfjaskortstilkynninga fyrir lyfjaskort sem er til staðar í dag

- 33% tilkynninga barst Lyfjastofnun þegar skortur var hafinn, samanborið við 43% árið 2024
- 13% tilkynninga bárust með 1-7 daga fyrirvara, samanborið við 14% árið 2024



Fyrirvari er mikilvægur svo nægur tími sé fyrir lyfjafyrirtæki að útvega sambærilegt markaðssett lyf eða undanþágulyf. Þannig er hægt að koma í veg fyrir hugsanleg vandræði lyfjanotenda og aukna vinnu fyrir heilbrigðisstarfsfólk.

Lágmarksbirgðir – Öll hin Norðurlöndin hafa innleitt löggjöf varðandi skyldur um að halda lyfjalager nauðsynlegra lyfja í landinu og slíkt er nauðsynlegt hérlandis.

Heimild lyfjafræðinga til að breyta ávísun læknis í undanþágulyf

- » Lyfjastofnun getur **heimilað lyfjafræðingum í apótekum að breyta ávísun læknis úr markaðssettu lyfi í undanþágulyf skv. 52. gr. lyfjalaga 100/2020.**
 - › Úrræðið er einungis notað í sérstökum tilvikum að undangengnu öryggismati og þegar ljóst þykir að án aðgerða kæmi upp íþyngjandi staða fyrir lyfjanotendur og heilbrigðisstarfsfólk.

19

- Heimildir í gildi í dag þar sem lyfjafræðingar í apótekum geta breytt lyfjaávísun læknis
- Það sem af er ári hafa verið veittar heimildir fyrir 63 lyf, að baki þeim er fjöldi lyfjaávísana. Frekari upplýsingar í [sérlyfjaskrá](#).